

Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar,  
10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld greiðist innan 8 vikna frá  
lögbirting dóms þessa og honum að öðru  
leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 6/1899:

Sigurður Benediktsson  
gegn  
Einari Benediktssyni og  
Einar Benediktsson  
gegn  
Sigurði Benediktssyni og  
Gísla Þorbjarnarsyni.

#### D ó m u r :

Mál þetta var höfðað fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur af aðalmálaðilunum Sigurði Benediktssyni húsmanni í Reykjavík og yfirréttarmálaflutningsmanni Einari Benediktssyni með aðalmáli og gagnsókn, og aðcitacion, að því er hinn stefnda búfræðing Gísla Þorbjarnarson snertir, út af maka-skiftum milli Sigurðar Benediktssonar og Einars Benediktssonar á nokkrum hluta jarðarinnar Skildinganness með tilheyrandi húsum og húseigninni Geysi í Reykjavík, og var málið dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 19. janúar þ. á. með þeim úrslitum, að gagnáfrýjandi Einar Benediktsson skyldi greiða aðaláfrýjanda Sigurði Benediktssyni 400 kr. með 4% vöxtum frá 1. júlí 1898 til borgunardags og 139 kr. 86 a. með 5% vöxtum frá sáttakæru-

degi til borgunardags. Aftur á móti skyldi aðaláfrýjandi Sigurður Benediktsson greiða gagnáfrýjanda Einari Benediktssyni 123 kr. 69 a., og skyldu þær dragast frá greindum 539 kr. 86 a. Að öðru leyti var aðaláfrýjandi sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda í málinu. Kostnað í aðal- og gagnsökinni skyldi gagnáfrýjandi greiða aðaláfrýjanda með 20 kr. Málssókn (adcitation) gagnáfrýjanda gegn Gísla Þorbjarnarsyni var vísað frá dómi.

Dómi þessum hefir Sigurður Benediktsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 9. febr. þ. á., og hefir hann krafist staðfestingar á dóminum og að stefndi Einar Benediktsson verði dæmdur í málskostnað eftir mati réttarins. Stefndi Einar Benediktsson hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu, dags 6. marz þ. á., og krafist þess, *fyrst og fremst*, að málinu verði vísað heim til löglegrar meðferðar frá því stigi, er það var tekið upp til dóms eða úrskurðar, og sér veittur hæfilegur frestur til að halda uppi rétti sínum, en *til vara*, að hann verði sýknaður af kærnum og kröfum aðaláfrýjanda, og að kröfur hans í gagnsóknar- og ad-citationsmálinu verði teknar til greina, þannig, að aðaláfrýjandinn Sigurður Benediktsson verði skyldaður til að greiða sér 723 kr. 69 a. (kr. 1000 + kr. 123,69 ÷ kr. 400), en ad-citatus Gísli Þorbjarnarson verði dæmdur til að borga Sigurði Benediktssyni þær kr. 139,86, er dæmdar hafi verið á sig í undirdóminum. Loks hefir stefndi Gísli Þorbjarnarson krafist þess, að hinn áfrýjaði



dómur verði staðfestur, eða til vara hann sýknað-  
aður af kærum og kröfum gagnáfrýjanda, og að  
gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér máls-  
kostnað með 20 kr. eða einhverju nægilegu eftir  
mati réttarins.

Að því er snertir ómerkingar- og heimvísun-  
arkröfu gagnáfrýjanda, sem bygð er á því, að  
undirdómarinn neitaði gagnáfrýjanda um viku frest  
í málinu til að svara mótmælum gegn gagnsókn-  
inni, er aðaláfrýjandi lét bóka í síðasta réttarhaldi  
í málinu, þá var það bersýnilegt, að hin umbeðna  
frestveiting gat eigi miðað til annars en að tefja  
fyrir málinu, enda hafði gagnáfrýjandi áður haft  
nægilegan frest til að upplýsa mál sitt frekar, ef  
hann hefði birt að nota hann, og þar sem þannig  
var ástatt, var það rétt, að dómarinn veitti eigi  
gagnáfrýjanda gegn mótmælum mótpartsins frest  
í málinu, sbr. tilsk. 15. ág. 1832, 12. gr., og verð-  
ur því krafan um heimvísun málsins fyrir þessa  
sök eigi tekin til greina.

Að því er aðalefni málsins áhrærir, þá hefir  
gagnáfrýjandi eigi farið fram á breyting hins á-  
frýjanda dóms að því leyti, sem hann er með hon-  
um dæmdur til að greiða andvirðiseftirstöðvar  
Skildinganess, 400 kr. að frádegnu andvirði fyrir  
hey 123 kr. 69 a. En hann hefir krafist þess, að  
bæjarþingsdóminum verði breytt í þá átt, að hann  
verði losaður við að greiða aðaláfrýjanda 139 kr.  
86 a., sem eru veðskuldavextir og opinber gjöld,  
er aðaláfrýjandi áleit sig eftir makaskiftasam-  
ingnum milli hans og gagnáfrýjanda um Geysi og

Skildinganes hafa greitt fyrir gagnáfrýjanda og því krafðist endurgjalds á. Hefir gagnáfrýjandi farið fram á það, að stefndi, Gísli Þorbjarnarson, verði af yfirdóminum skyldaður til að greiða upphæð þessa, 139 kr. 86 a., en þeirri kröfu verður eigi sint þegar af þeirri ástæðu, að málinu gegn Gísla, aðcitationsmálinu, var frá vísað frá bæjarþingsréttinum, og verður því eigi efnisdómur kveðinn upp, er taki til hans, meðan svo stendur. En að öðru leyti verður yfirdómurinn að fallast á það, að gagnáfrýjandi er með bæjarþingsdóminum skyldaður til að greiða aðaláfrýjanda greindar 139 kr. 86 a. með tilgreindum vöxtum, þar sem skylda gagnáfrýjanda þar að lútandi leiðir af skýlausum ákvæðum ádurgreinds makaskiftasamnings um Geysi og Skildinganes. Þá hefir gagnáfrýjandi krafist þess, að teknað verði til greina kröfur hans um skaðabætur hjá aðaláfrýjanda fyrir það, að hann hafi eigi afhent sér hús og tún í Skildinganesi, eins og umsamið var milli þeirra, svo og fyrir að hafa flutt í burtu af Skildinganesi í heimildarleysi skúr eða hjall, er hann hafi verið orðinn eigandi að við makaskiftin, og krefst hann fyrir hvorttveggja þetta 1000 kr. skaðabóta. En þessar staðhæfingar gagnáfrýjanda um rof eða vanefndir á makaskiftasamningnum eru eigi studdar neinum sönnunum í málinu, þótt aðaláfrýjandi hafi mótmælt þeim, og þær koma í bága við afsalsbréf gagnáfrýjanda til aðaláfrýjanda fyrir Geysi, þar sem gagnáfrýjandi virðist viðurkenna, að



makaskiftasamningnum sé fullnægt af aðaláfrýjanda hálfu með útgáfu »afsals fyrir steinhúsi og jarðeign í Skildinganesi samkvæmt kaupsamningi 6. jan. þ. á.« (makaskiftasamningnum). Það er einnig ósannað, gegn mótmælum aðaláfrýjanda, að hann hafi tekið burtu hjall eða skúr á Skildinganesi, sem gagnáfrýjandi hafi átt. Skaðabótakröfur gagnáfrýjanda verða þannig eigi teknar til greina, og þar sem eigi er um fleiri breytingar á bæjarþingsdóminum að ræða fyrir yfirdóminum, ber þannig að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í öllum greinum. Það er rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur og stefnda Gísla Þorbjarnarsyni 10 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði gagnáfrýjandi Einar Benediktsson aðaláfrýjanda Sigurði Benediktssyni 30 krónur og stefnda Gísla Þorbjarnarsyni 10 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.